

**Nd.**

**84. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

1. gr. 2 a. laganna orðist svo:

Ferminng og afferminng skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar i sambandi við það, og hverskonar bifreiðakeyrsla, hvort heldur sem er til vöruflutninga eða mannflutninga.

2. gr.

- a. Í staðinn fyrir orðin »4 vikur« í 4. gr. a. komi: 1 viku.
- b. Aftan við staflid a. í 4. gr. komi: Um sjúkleika vegna slysa sjómanna, sem stendur skemur en 4 vikur frá því er þeir eru afskráðir úr skipi, fer þó eingöngu eftir siglingalögum, nr. 56, frá 30. nóv. 1914, 95. gr.
- c. Í staðinn fyrir orðin »4000 kr.« í staflid b. 4. greinar komi: 8000 kr.

3. gr.

- a. Í staðinn fyrir »2000 kr.« í fyrstu málsgrein 5. gr. komi: 5000 kr.
- b. Í staðinn fyrir »200 kr.« á tveim stöðum í 5. gr. 4. þriðju málsg. komi: 500 kr., og í staðinn fyrir »400 kr.« komi: 1000 kr.

4. gr.

2. málsgrein 10. gr. falli niður.

**G r e i n a r g e r ð .**

Viðurkent er af flestum, að lögin frá 1925 um slysatryggingar eru allmikil rjettarbót að því leyti, að slysatrygging er nú orðin svo viðtæk, að hún nær til flestra verkamanna við sjávarsíðuna, og iðgjöld þeirra greiðast yfirleitt af atvinnurekendunum eins og í nágrannalöndunum. Hinsvegar eru enn ýmsir gallar

á lögnum og þeir helstir, að enn eru einstakar stjettir verkamanna að mestu útilokaðar, svo sem bifreiðastjórar, að biðtíminn uns slysabætur fást er of langur, að bæturnar eru alt of lágar í samanburði við slysin, og að innheimtukostnaður iðgjalda er of mikill. Frumvarp þetta er fram borið til að ráða bót á þessum helstu göllum gildandi laga.

#### Um 1. gr.

Reynslan sýnir, að í bæjunum vantar mest þá stjett verkamanna undir þessi lög, sem bifreiðar keyra. Virðist engin ástæða til þess, að bifreiðastjórar, sem vörur keyra frá skipum eða til þeirra, sju trygðir gegn slysum, en aðrir bifreiðastjórar ekki, svo sem þeir, sem stunda langferðir til mannf lutninga eða vöruflutninga.

Að vísu væri æskilegt, að lögin næðu enn víðar, svo sem til ýmiskonar sveitavinnu, gegninga og ferðalaga í atvinnuskyni, en þó virðist það mega bíða frekari reynslu af framkvæmd laganna.

#### Um 2. gr.

Þeir, sem trygðir eru í iðntryggingunni, kvarta alment yfir því, að 4 vikur sju of langur tími til að þola slys bótalaut. Virðist 1 vika vera nægilega langur tími fyrir fátæka menn til að bera sjálfir fjárhagslega sjúkdóma og meiðsli vegna slysa í þjónustu annara. Sjómenn hafa samkvæmt 95. gr. siglingalaganna rjett til fulls hjúkrunarkostnaðar fyrstu 4 vikurnar eftir að þeir eru skráðir úr skipi, og þykir ekki að svo stöddu ástæða til að breyta þeim ákvæðum.

Fullar örorkubætur eru nú 4000 kr. Í nágrannalöndunum reiknast þær á nokkuð annan veg, en eru þó miklu hærri, í Danmörku t. d. um 12000 danskar krónur. Mun það viðurkent af flestum, að íslensku örorkubæturnar sju allskostar ófullnægjandi fyrir þá, sem fyrir slíkum slysum verða. Heilsa og vinnuþrek manna er lítt bætt með 4000 kr. Í frumvarpi þessu er gengið miklu skemra en í nágrannalöndunum, en þó lagt til, að bæturnar tvöfaldist, eða fari upp í 8000 kr.

#### Um 3. gr.

Dánarbætur eru eftir gildandi lögum aðeins 2000 kr., eða helmingur fullra örorkubóta, auk 200 kr. á barn, nema 400 kr., ef það er utan hjónabands. — Í nágrannalöndunum eru dánarbæturnar miklu hærri, og jafnvel hlutfallslega hærri í samanburði við örorkubæturnar. Í Danmörku eru dánarbæturnar 8400 danskar krónur, en bætur til hvers barns geta náð 3150 d. kr. Í frumvarpi þessu er farið fram á, að dánarbæturnar bækki úr 2000 kr. upp í 5000 kr., en bætur til barnanna fari upp í 500 kr. og 1000 kr. Er ekki með sanni hægt að segja, að líf verkamanna sje hátt virt, þó að slíkar bætur væru greiddar, og kostnaðurinn, sem af iðgjaldahækkun stafaði, mundi litlu nema í ársreikningi flestra atvinnufyrirtækja.

#### Um 4. gr.

Innheimtulaun til lögreglustjórana virðast æðimikil og ekki ástæða til

að greiða þau af iðgjöldum slystryggingarinnar frekar en af tollum. Innheimtu-  
launin námu 1926:

Í sjómannatryggingunni um . kr.	5500.00
Í iðntryggingunni	— . . . 2500.00
Alls	kr. 8000.00